

Skipulagsstofnun

B.t. Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMER:

DAGS.:

NR.:

12308016

2022-11-30

Svar við umsögn Samgöngustofu

Í umsögn Samgöngustofu um fyrirspurn um matsskyldu breytinga á afmörkun eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði kemur fram að verði af stækkun eldissvæða muni enn þrengja að siglingaleiðum og enn meira svæði verður innan hvíts ljósgeira vita. Slíkt muni skerða siglingaöryggi um fjörðinn nema gripið verði til mótvægisáðgerða, að undangengnu áhættumati.

Einnig er vísað til umfjöllunar í kafla 6.8 í matsskyldufyrirspurn og að stofnunin telji að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni að því er varðar siglingaöryggi og hugsanlegar mótvægisáðgerðir sem grípa gæti þurft til.

Samkvæmt Samgöngustofu er nú hafin vinna við að skilgreina siglingaleiðir við landið. Arnarlax telur að einnig þurfi að endurskoða vitamál hér við land í heild sinni, þar sem margar starfandi eldisstöðvar reynast vera innan hvíts geira frá vitum.

Arnarlax vill benda á að á yfirborði sjávar taka sjókvíar aðeins til hluta eldissvæðis. Akkerisfestingar eru neðansjávar og því eru siglingaleiðir oft mögulegar innan eldissvæða, þrátt fyrir að sjófarendur þurfi að virða mörk um 200 m fjarlægð frá sjókvíum.

Merkingar sjókvíaeldisstöðva

Arnarlax merkir allar sjókvíaeldisstöðvar sínar eins og lög og reglugerðir segja fyrir um. Í samræmi við 35. gr reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi tilkynnir Arnarlax hnit sjókvíaeldisstöðva sinna til Landhelgisgæslunnar þegar nákvæm staðsetning þeirra liggur fyrir og einnig þegar sjókvíaeldisstöðvar eru færðar til. Eins og fram kemur í kafla 6.8 um siglingar þá eru allar sjókvíaeldisstöðvar Arnarlax merktar með ljósum og einnig á alþjóðlegum siglingakortum í samræmi við 35. gr. og viðauka 5 í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Til viðbótar því að uppfylla kröfur stjórnvalda um merkingar eldismannvirkja hefur Arnarlax bætt við AIS merkingum á sínar sjókvíaeldisstöðvar til að tryggja enn frekar öryggi eldisbúnaðar og sjófarenda.

Samráð og tillögur Arnarlax

Vegagerðin og Samgöngustofa fara með framkvæmd laga nr. 132/1999 um vitamál. Arnarlax hefur átt í tölvupóstsamskiptum við Vegagerðina og Samgöngustofu vegna vitamála í Arnarfirði, dags. 12. september 2022 og þá sérstaklega vegna vitans við Langanes, dags. 18. október 2022. Arnarlax hefur bent á að hvítur geisli Langanesvita er mjög breiður og mögulegt sé að þrengja geislann, þannig að eldissvæði í Arnarfirði verði utan hans. Þrátt fyrir þessa breytingu verði áfram greið siglingaleið um Arnarfjörð. Í þessu sambandi vill Arnarlax vísa til meðalhófsreglu stjórnáslulaga nr. 37/1993 en í 12. gr. laganna segir að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögæmtu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.



Þar sem Samgöngustofa vísar til draga að strandsvæðisskipulags vill Arnarlax taka fram að framkomnar tillögur hafa ekki verið samþykktar í samræmi við lög og því ekki rétt að byggja stjórnvaldsákvæðanir á drögunum.

Virðingarfyllt, f.h. Verkís hf. og Arnarlax,

Hugrún Gunnarsdóttir



Breyting á afmörkun eldissvæða við Hlaðsbót, Tjaldanes, Hringsdal og Kirkjuból í Arnarfirði . Fyrirspurn um matsskyldu – Svör við umsögnum

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir athugasemdir úr umsögnum um matsskyldufyrirspurn um breytingu á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði og viðbrögð Arnarlax við þeim.

Nr	Umsagnaraðilar	Kafli í fyrirspurn	Athugasemd	Viðbrögð
1	Fiskistofa			Umsögn krefst ekki viðbragða.
2	Hafrannsóknastofnun	4 Skipulag og vernd	Skoða þarf sérstaklega hvort breytingin falli að tillögu að standsvæðaskipulagi fyrir Vestfirði. Óljóst er hvort endurskoða þurfi strandsvæðaskipulag sé þessi breyting utan þeirrar tillögu sem lögð hefur verið fyrir nú.	Tillaga svæðisráðs að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða var kynnt frá 15. júní til 15. september 2022. Tillaga svæðisráðs að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða er í vinnslu. Stofnanir og hagaðilar hafa gert athugasemdir við tillöguna. Endanlegt strandsvæðaskipulag liggur ekki fyrir á þessu stigi. Fjöldi athugasemda barst við tillöguna og þar á meðal frá Arnarlaxi, dags. 14.09.2022. Fyrirtækið gerði þó nokkrar athugasemdir við tillögu svæðisráðs m.a. er snýr að núverandi staðsetningu og legu eldissvæða sinna í Arnarfirði þ.e. Hringsdal, Tjaldanes og Haganes. Staðsetning og lega þessara svæða sé röng í tillögu svæðisráðs og þar að leiði að tillagan sé misvísandi og villandi. Vegna óskýrleika tillögunnar þurfi að auglýsa hana að nýju í samræmi við lög 88/2018. Einnig er bent á að fyrirtækið sé með í ferli fyrirspurn vegna frekari breytinga á hluta eldissvæða sinna. Hér er verið að svara umsögnum vegna þeirrar breytingar. Arnarlax vekur athygli á að tillögur svæðaráðs eru ekki endaleg niðurstaða, einungis tillögur á þessu stigi, og því ekki lögformlegur grundvöllur eða málefnalegur rökstuðningur fyrir íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunum.
2	Hafrannsóknastofnun	6.4 Rækja í Arnarfirði	Þessi breyting mun raska rækjurannsóknnum Hafrannsóknastofnunar, sem er óhentugt upp á framtíðarvöktun á stofninum í Arnarfirði. Þrátt fyrir að mestur hluti rækjustofnsins sé í Borgarfirði alla jafnan þarf að vakta sömu stöðvar í Arnarfirði með reglulegu millibili til þess að fá vísitölu á stærð stofnsins. Vel er þekkt að útbreiðsla og lífmassi tegunda á það til að breytast og því er mikilvægt að viðhalda sömu rannsóknarsniðum/togum innan þess svæðis, í þessu tilfalli Arnarfirði, til að nema mögulegar breytingar útbreiðslunnar og lífmassans í tíma og rúmi.	Samráð hefur átt sér stað milli Arnarlax og Hafrannsóknastofnunar vegna rækjurannsóknna stofnunarinnar í Arnarfirði og vonast fyrirtækið eftir því að svo verði áfram. Arnarlax tekur undir mikilvægi þess að viðhalda rækjurannsóknnum í Arnarfirði og vill styðja framgang þeirra rannsókna með frekara samráði og samstarfi. Arnarlax bendir á að áður hafa verið gerðar breytingar á togslóð rannsókna í Arnarfirði vegna staðsetninga sjókvía að því er virðist án vandræða.
2	Hafrannsóknastofnun	6.1. Ástand sjávar	Hafrannsóknastofnun telur að umhverfisáhrif vegna breytingarinnar á staðsetningu eldiskvíanna muni aukast m.t.t. álags vegna lífrænna leifa í botnlaginu. Aukið lífrænt álag veldur enn frekari lækkun á styrk súrefnis en nú þegar verður, bæði vegna náttúrulegra aðstæðna í Arnarfirði og vegna núverandi fyrirkomulags sjókvíaeldis. Það ástand er ekki í samræmi burðarþolmat Hafrannsóknastofnunar fyrir Arnarfjörð, enda yrði forsendubrestur á matinu, kæmi til þess að meira en helmingur fasta lífræna efnisins safnaðist í botnlagið. Hafrannsóknastofnun telur að íhuga ætti að endurskoða burðarþolsmat Arnarfjarðar, gangi þessi breyting eftir, þar sem mest allur lífmassi eldisins verður yfir meira dýpi en upphaflegt burðarþolsmat fjarðarins gerði ráð fyrir.	Arnarlax bendir á að fóðurmagn verður óbreytt þrátt fyrir breytta afmörkun eldissvæða. Reglulega er fylgst með ástandi botnsjávar í Arnarfirði á þeim tíma árs sem súrefnisástand djúpsjávar er verst. Rannsóknirnar gefa til kynna að fiskeldi hafi ekki leitt til neikvæðrar þróunar fram til þessa. Niðurstöður frekari vöktunar á súrefnisstyrk og súrefnismettun við botn fjarðarins mun leiða í ljós hvort breytt afmörkun eldissvæða leiði til annarrar þróunar á ástandi botnsjávar en komið hefur fram til þessa. Endurskoðun burðarþols á hverjum tíma er á forræði Hafrannsóknastofnunar.
3	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða			Umsögn krefst ekki viðbragða.
4	Ísafjarðarbær			Umsögn krefst ekki viðbragða.



Nr	Umsagnaraðilar	Kafli í fyrirspurn	Athugasemd	Viðbrögð
5	Landhelgisgæslan	6.8 Siglingar	<p><i>Hlaðasbót</i></p> <p>Fyrirhuguð stækkun svæðisins nær að hluta til inn í hvíta geira vitans á Langanesi en hvíti geirinn sýnir örugga siglingaleið inn og út fjörðinn. LHG telur að ekki sé stætt á því að stækka svæðið inn í hvíta vitageirann. Svæðið getur legið samhliða honum en ekki nær en 200 m að álitu LHG.</p> <p><i>Tjaldaneseyrar</i></p> <p>Stækkunin til austurs þrengir talsvert að innsiglingu inn í Borgarfjörð og þá sérstaklega með það í huga að það eru grynningar í sunnaverðu fjarðarmynninu. Hinsvegar eru siglingar mjög takmarkaðar um fjörðinn þannig að m.t.t. þess telur LHG að þessi stækkun geti gengið.</p> <p>Samkvæmt sjókortum útgefnum af sjómælinga- og siglingaöryggisdeildar LHG (Sjómælingar Íslands) liggja virkir neðansjárstrengir innan stækkunarsvæðisins. Vegna kortagerðar eru starfsmenn deildarinnar um þessar mundir að vinna í því að afla upplýsinga um hver staðan er á strengjunum. Ef strengirnir eru ennþá í notkun telur LHG ekki stætt á því að botnfestingar séu í námunda við strengina.</p> <p><i>Hringsdalur</i></p> <p>Núverandi eldissvæði sem og fyrirhuguð stækkun liggja innan hvíta geira vitans í Langanesi. Á meðan svo er þá telur LHG ekki stætt á því að stækka svæðið til norðurs og út í fjörðinn.</p> <p><i>Kirkjuból</i></p> <p>Núverandi eldissvæði sem og fyrirhuguð stækkun liggja innan hvíta geira vitans í Langanesi. Á meðan svo er þá telur LHG ekki stætt á því að stækka svæðið til norðurs og út í fjörðinn.</p> <p>LHG telur að til að koma á móts við mögulegar stækkanir eldissvæðanna megi þrengja hvíta vitageirann. Það þarf hins vegar að eiga sér stað í samstarfi og samráði við Samgöngustofu og Vegagerðina sbr. lög um vitamál nr. 132/1999.</p>	<p><i>Stærð eldissvæða</i></p> <p>Til að hægt sé að koma öllum eldisbúnaði sjókvíaeldisstöðvar fyrir innan leyfðs eldissvæðis þarf afmörkun eldissvæðisins að vera rúm. Það er einnig mikilvægt til þess að hægt sé að færa til staðsetningar innan afmarkaðs eldissvæðis, ef þörf krefur. Þess má geta að sjókvíar á yfirborði taka aðeins til hluta afmarkaðs eldissvæðis. Akkerisfestingar eru neðansjár og því eru siglingaleiðir oft mögulegar innan eldissvæða, þrátt fyrir að virða þurfi þau fjarlægðarmörk að vera í 200 m fjarlægð frá sjókvíum.</p> <p><i>Merkingar eldissvæða</i></p> <p>Eins og fram kemur í kafla 6.8 um siglingar þá eru allar sjókvíaeldisstöðvar Arnarlax merktar með ljósum sem og inn á alþjóðlega siglingakort í samræmi við 35. gr. og viðauka 5 í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi. Arnarlax merkir allar sjókvíaeldisstöðvar sínar í samræmi við lög og reglugerðir og hefur auk þess bætt við AIS merkingum á sínar staðsetningar.</p> <p>Arnarlax hefur í samræmi við 35. gr reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi uppfyllt þá kröfu að tilkynna hnit sjókvíaeldisstöðva sinna til Landhelgisgæslunnar þegar nákvæm staðsetning þeirra liggur fyrir og þegar sjókvíaeldisstöðvar eru færðar til innan þeirra eldissvæða sem fyrirtækið er með í rekstri.</p> <p><i>Samráð um vitamál</i></p> <p>Vegagerðin og Samgöngustofa fara með framkvæmd laga nr. 132/1999 um vitamál. Arnarlax hefur átt í tölvupóstsamskiptum við Vegagerðina og Samgöngustofu vegna vitamála í Arnarfirði þ.e. þann 12. september s.l. og þá sérstaklega vegna vitans við Langanes þ.e. þann 18. okt. s.l.</p> <p>Arnarlax telur mögulegt að þrengja hvíta geirann á Langanesi þar sem áfram verður greið leið inn Arnarfjörð án snertingar við eldissvæði. Arnarlax vill jafnframt benda á að endurskoða þurfi vitamál hér við land í heild sinni, þar sem nú þegar eru mjög margar eldisstöðvar innan hvíts geira frá vitum og í því sambandi má benda á þó nokkur nýútgefin leyfi (sl. 2 ár). Gæta þurfi jafnræðis í þessum málum, eins og öðrum.</p> <p><i>Rafstrengir</i></p> <p>Nú er unnið að breytingu á aðalskipulagi í tengslum við rafstrengi er liggja yfir Arnarfjörð. Arnarlax mun vinna í samstarfi við þann aðila sem sér um rafstrengina.</p>
6	Náttúrufræðistofnun	6.6. Ásýnd	<p>Þótt ekki sé um aukningu á fyrirhuguðu fiskeldi að ræða þá felur framkvæmdin í sér töluverða breytingu á fyrirkomulaginu og mjög mikilvægt er að áhrif breytingarinnar á helstu umhverfisþætti séu greind og metin vandlega. Þótt markmið breytingarinnar um að draga úr neikvæðum áhrifum sé jákvætt í sjálfu sér geta orðið neikvæð áhrif sem þarf að gera grein fyrir.</p> <p>Það væru einna helst áhrif vegna fjölgunar og stækkunar kvía sem getur leitt til þess að áhrifasvæðið stækki, sem og val á staðsetningu með tilliti til staðbundinna þátta.</p>	<p>Megin tilgangur breytinga á afmörkun eldissvæða Arnarlax er að hafa kost á því að snúa kvíasamstæðum þvert á straumstefnu og tryggja þannig jafnari strauma og betra súrefnisflæði um eldiskvíarnar. Einnig að skapa rými til að færa eldiskvíar til innan eldissvæðanna ef bregðast þarf við vegna uppsöfnunar lífrænna efna undir kvíunum. Það er ekki markmið með breytingum að fjölga eldiskvíum, heldur skapar meira rými sveigjanleika á að bæta við kvíum til að minnka þéttleika eldisfisks í hverri kví ef sú þörf skapast. Arnarlax gerir ráð fyrir lítilli fjölgun eldiskvía á eldissvæðum sínum en í sumum tilfellum verður engum eldiskvíum bætt við.</p>



Nr	Umsagnaraðilar	Kafli í fyrirspurn	Athugasemd	Viðbrögð
6	Náttúrufræðistofnun	4 Skipulag og vernd	Öll svæðin sem áform eru um að breyta afmörkun á skarast við svæði á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta). Hringsdalur og Kirkjuból skarast á við svæði nr. 340 á náttúruminjaskrá: Ketildalir í Arnarfirði. Það svæði er metið með hátt verndargildi vegna landslags og fuglalífs. Í tillögu að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022 er það svæði sem fellur undir svæði nr. 340 sett í nýtingarflokkinn Umhverfi og náttúra, en í þeim flokki er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu sjókvíaeldis. Það skýtur því skökku við að stækka það svæði sem fer undir sjókvíaeldi við Hringsdal og Kirkjuból. Þar sem áhrif af stækkun áhrifasvæðis með t.d. fjölgun sjókvía er líklegast til að hafa neikvæð áhrif á landslag annars vegar (þar sem ásýndaráhrif frá sjókvíunum aukast) og áhrif á fuglalíf hins vegar (því hætta eykst á að fuglar sæki í kvíar og mögulega verði fyrir truflunum eða slasist, eftir því sem kvíunum fjölgar og þær eru á stærra svæði), þá ætti frekar að horfa til þess að draga úr umsvifum sjókvíaeldis á svæðinu en auka þau. Þess má geta að Arnarlax hefur ekki hafið starfsemi við Kirkjuból. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að hætta við þau áform vegna skörunar við náttúruverndarsvæðið.	<p>Arnarlax áréttar að málsmeðferð tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða er ekki lokið og því hefur stefna um vernd og nýtingu strandsvæða Vestfjarða ekki orðið að veruleika. Tillögurnar eru ekki enn lögformlegur grundvöllur ákvarðanatöku yfirvalda, þá sérstaklega íþyngjandi ákvarðana. Jafnframt er á það bent að Arnarlax hefur gert athugasemdir við framkomnar tillögur.</p> <p>Skipulagsgerð á strandsvæðum er ætlað að stuðla að jafnvægi í vernd og nýtingu hafsvæða þar sem dregið er úr árekstrum ólíkra þarfa. Þegar aðalskipulagi sleppir í sjó tekur við stefna strandsvæðisskipulags utan netlaga, sem jafnframt skal taka mið af stefnu viðkomandi aðalskipulags næst sjó. Hér er nefnt svæði á náttúruminjaskrá en í sjó þar utan við er lögmæt starfsemi Arnarlax. Stefna væntanlegs strandsvæðisskipulags mun fjalla um hvort tveggja þ.e. vernd og nýtingu án þess að eitt útiloki annað.</p> <p>Eins og fram kemur í umsögninni er forsenda tillögu að vernd Ketildala (C-hluti náttúruminjaskrár) vegna landslags og fuglalífs. Segir Náttúrufræðistofnun að fjölgun sjókvía sé líkleg til að hafa neikvæð áhrif á landslag, en hins vegar kýs stofnunin að veita ekki umsögn um greiningu á sjónrænum áhrifum sjókvía utan við ströndina, sem um er fjallað í greinargerð Arnarlax með matsskyldufyrirspurninni. Þá fullyrðir stofnunin að eftir því sem kvíum fjölgi og þær eru á stærra svæði aukist hætta á að fuglar sæki í kvíar og þeir verði mögulega fyrir truflunum eða slasist. Ekki eru aðgengilegar upplýsingar um hvaða fugla er að finna á verndarsvæðinu, sem mögulega geti verið í hættu vegna eldisins. Hins vegar er í greinargerð Arnarlax rakin niðurstaða vöktunar á fugladauða við eldiskvíar í Arnarfirði, sem hefur reynst vera óverulegur.</p> <p>Áréttað er að sjókvíar á yfirborði taka aðeins til hluta afmarkaðs eldissvæðis. Það er ekki markmið með breytingum að fjölga eldiskvíum, heldur skapar meira rými sveigjanleika á að bæta við kvíum til að minnka þéttleika eldisfisks í hverri kví ef sú þörf skapast.</p>
6	Náttúrufræðistofnun	4 Skipulag og vernd	Áformað stækkað eldissvæði fyrir Hlaðsbót og Tjaldaneseyrar skarast á við náttúruminjaskrársvæði 311: Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, sem hefur hátt verndargildi vegna landslags, gróðurs og jarðminja. Það svæði er hins vegar ekki skilgreint í nýtingarflokkinn Umhverfi og náttúra. Engu að síður er ljóst að verndargildi landslagsins rýrist með auknum fjölda sjókvía á svæðinu við Hlaðsbót og Tjaldanes.	<p>Í umsögn stofnunarinnar segir „Engu að síður er ljóst að verndargildi landslagsins rýrist með auknum fjölda sjókvía á svæðinu við Hlaðsbót og Tjaldanes.“ Hér virðist einungis byggt á huglægu mati álitsgjafa. Engin málefnaleg rök eru færð fyrir afstöðu bréfitata Náttúrufræðistofnunar segir ljóst að verndargildi landslagsins rýrist, en veitir ekki umsögn um umfjöllun í greinargerð Arnarlax með þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að eldiskvíar blasi við göngufólki á skipulögðum gönguleiðum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.</p>
6	Náttúrufræðistofnun	3.2 Vöktun og eftirlit eldissvæða	Þar sem breytingin felur ekki í sér aukningu á framleiðslu er ólíklegt að áhrif á mat á burðarþoli eða á áhættumat erfðablöndunar verði mikil. Mikilvægt er þó að það sé greint t.d. með tilliti til áhrifa af breyttri staðsetningu sjókvía. Mögulega mun aukin dreifing sjókvía létta á álagi vegna úrgangs en það þarf að vera tryggt. Stækkað eldissvæði felur í sér að vöktunarsvæðið þarf einnig að stækka. Eftirlitsaðilar með vöktunaráætlun verða að leggja mat á hvort vöktunin geti staðist fullnægjandi kröfur með þessum breytingum.	<p>Stjórnsýsluleg ábyrgð á burðarþoli og áhættumati erfðablöndunar er á forræði Hafrannsóknastofnunar skv. lögum nr. 71/2008.</p> <p>Það er starfssvið Umhverfisstofnunar að gefa út starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Unnið er eftir vöktunaráætlun um vöktun á botndýralífi samkvæmt staðlinum ÍST ISO 12878 og samþykktum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Vöktunaráætlunin þarf samþykki Umhverfisstofnunar. Eðli málsins samkvæmt hlýtur vöktunarsvæði að stækka að umfangi með breytingu á afmörkun eldissvæðisins. Vöktunaráætlun verður uppfærð og unnin í samráði og samstarfi við Umhverfisstofnun.</p>



Nr	Umsagnaraðilar	Kafli í fyrirspurn	Athugasemd	Viðbrögð
6	Náttúrufræðistofnun	3.2 Vöktun og eftirlit eldissvæða	Vöktun á sjókvíaeldi Arnarlax í Arnarfirði hefur sýnt að undir kvíunum safnast töluvert magn af lífrænu efni og það hefur m.a. áhrif á tegundasamsetningu botndýrasamfélaga þar sem tegundir sem eru vísitægu fyrir lífræna mengun verða ríkjandi. Dreifing álags getur minnkað þessa uppsöfnun en einnig stækkar svæðið þar sem lífrænt magn fellur. Eins og segir í greinargerð með tilkynningunni á bls. 19 „Við eldiskvíar (áhrifasvæði laxeldisins, e. local impact zone) hafa áhrif á botndýralíf því orðið talsvert neikvæð“. Afar brýnt er að minnka þessi neikvæðu áhrif. Þess vegna er mjög mikilvægt að leggja mat á hvort minnkunin í uppsöfnun lífræns efnis undir sjókvíum muni verða nægjanlega mikil til að áhrif á botndýralíf minnki sömuleiðis. Ef svo er ekki þá stækkar svæðið þar sem botndýralíf raskast. Það er mjög mikilvægt að lagt sé mat á þetta og til þess þarf að safna gögnum gögnum og vinna með spámódel eins og hægt er.	Það er starfssvið Umhverfisstofnunar að gef út starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Unnið er eftir vöktunaráætlun um vöktun á botndýralífi samkvæmt staðlinum ÍST ISO 12878 og samþykktum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Vöktunaráætlun þarf samþykki Umhverfisstofnunar. Hafrannsóknastofnun aflar, samkvæmt lögum, þekkingar á umhverfi og lifandi auðlindum í hafi og stuðlar m.a. að sjálfbærri nýtingu þeirra. Eins og fram kemur í greinargerð Arnarlax með matsskyldufyrirspurninni rannsakar stofnunin umhverfisáhrif sjókvíaeldis í íslenskum fjörðum. Stofnunin veitir einnig umsagnir og er stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði stofnunarinnar. Það hefur hún gert í því máli sem hér er fjallað um. ASC staðallinn krefst ítarlegra botnrannsóknna (dýralíf og set) en íslenskar reglur setja. Arnarlax er með ASC vottun á öllum sínum eldisstaðsetningum.
6	Náttúrufræðistofnun	6.3 Laxfiskar – laxalús og fisksjúkdómar	Smithætta af laxalús er metin sambærileg þar sem umfang fiskeldisins helst óbreytt. Fækkun fiska í hverri sjókví ætti að draga úr áhrifum smits innan hvers kvíar en hins vegar getur stækkun eldissvæðis í heild leitt til þess að líkur aukist á að smit berist út fyrir eldissvæðið og í bæði önnur eldissvæði eða í villta laxa. Eins og segir í greinargerðinni á bls. 21 þá er „umtalsvert lúsasmit á villtum laxi í Arnarfirði miðað við nálæga firði þar sem sjókvíaeldi er ekki stundað“. Ljóst er því að hér er vandamál sem þarf að bæta úr. Stefnt er að því að breyta uppsetningu sjókvía þannig að þær séu staðsettar þvert á straumstefnu frekar en langsum með straumstefnu. Það á að bæta aðgengi að ferskum og súrefnisríkum sjó í hverri sjókví og ætti að draga úr smithættu. Mikilvægt er að þetta sé staðfest á sannfærandi hátt með gögnum og að tekið verði tillit til þess að smitsvæðið geti stækkað með stækkandi eldissvæðum og aukinni dreifingu kvía	Matvælastofnun fer með stjórnsýslu dýraheilbrigðis samkvæmt lögum um stofnunina og skal m.a. með starfsemi sinni stuðla að heilbrigði og velferð dýra. Matvælastofnun veitir rekstrarleyfi til fiskeldis í sjó og hefur eftirlit með starfsemi. Eftirlit með laxalús og aðgerðir vegna hennar eru því á forræði Matvælastofnunar en ekki Náttúrufræðistofnunar. Einnig veitir stofnunin umsagnir og er stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði hennar. Það hefur hún gert í því máli sem hér er fjallað um.
6	Náttúrufræðistofnun	6.6 Ásýnd	Stefnt er að bæði fjölgun og stækkun sjókvía á hverju eldissvæði. Þar með verða sjókvíarnar meira áberandi og taka meira rými í Arnarfirði. Það hefur áhrif á ásýnd svæðisins. Eins og fram kom hér að framan eru svæði bæði norðan og sunnan við Arnarfjörð á náttúruminjaskrá vegna landslags. Meta þarf ásýndaráhrifin skilmerkilega og skoða hvernig ólíkar staðsetningar og dreifing sjókvía hefur áhrif á landslagið.	Það er ekki markmið með breytingunum að fjölga eldiskvíum á hverju eldissvæði, heldur skapar meira rými sveigjanleika á að bæta við kvíum til að minnka þéttleika eldisfisks í hverri kví, ef þörfin skapast. Arnarlax gerir þó ráð fyrir lítilli fjölgun eldiskvína sínum en í sumum tilfellum verður engum eldiskvíum bætt við. Í umsögn virðist einungis byggt á huglægu mati álitsgjafa. Engin málefnaleg rök eru færð fyrir afstöðu bréfitara.
6	Náttúrufræðistofnun	6 Möguleg umhverfisáhrif framkvæmdar	Stærri og fleiri sjókvíar þýðir einnig að líkur á því að sjávarspendýr, fuglar, fiskar og fleiri dýr sem ferðast um svæðið eigi leið hjá kvíunum og jafnvel sækist í þær aukast. Það getur aukið líkurnar á árekstrum með mögulegu tjóni fyrir lífverurnar og einnig haft áhrif á hegðunarmynstur þeirra. Mögulega forðast dýrin mikilvæg fæðuöflunarsvæði vegna sjókvíanna og þeirrar starfsemi sem er stunduð við þær sem getur fylgt hávaði, ljósmengun og mikil umferð báta. Skoða ætti hvernig farleiðir t.d. hvala og sela eru um svæðið og hvernig kvíarnar hafa áhrif á fæðuöflun fugla á svæðinu. Ekkert er fjallað um möguleg áhrif sjókvía á þetta dýralíf nema fugla í greinargerðinni	Hafrannsóknastofnun aflar, samkvæmt lögum, þekkingar á umhverfi og lifandi auðlindum í hafi og stuðlar m.a. að sjálfbærri nýtingu þeirra. Stofnunin veitir einnig umsagnir og er stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði stofnunarinnar. Það hefur hún gert í því máli sem hér er fjallað um. Arnarlax bendir á að athugasemdir Náttúrufræðistofnunar um neikvæð áhrif eldisins á nefndar sjávarlífverur eru ekki studdar gögnum. Auk vöktunar á fugladauða við sjókvíar, sem sýnir óverulegan fugladauða, fer samskonar vöktun fram einnig á dauða sjávarspendýra. Niðurstöður vöktunarinnar er birt jafnóðum á vef Arnarlax. Í greinargerð Arnarlax er vísað til skýrslu vottunaraðila vegna úttektar á eldisstarfsemi samkvæmt ASC staðlinum. Þar kemur fram að engin sjávarspendýr hafa drepist við sjókvíar í Arnarfirði.



Nr	Umsagnaraðilar	Kafla í fyrirspurn	Athugasemd	Viðbrögð
6	Náttúrufræðistofnun	6 Möguleg umhverfisáhrif framkvæmdar	Þegar kemur að mati á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis verður að horfa til samþættingar við annað sjókvíaeldi á svæðinu (í þessu tilfalli innan Arnarfjarðar og innfjarða) sem og aðra starfsemi sem hefur áhrif á þá umhverfisþætti sem verið er að meta t.d. efnistaka, iðnaður á landi o.fl.. Burðarþolsmatið tekur á þessu að mestu leyti en mat á öðrum umhverfisþáttum verður að gera það líka. Við allar breytingar þarf að leggja mat á hvernig sammögnunaráhrif verða. Að öðrum kosti er hætta á að áhrif við að bæta við einstakri framkvæmd á stöðuna í heild fyrir svæðið séu ekki greind og ekki brugðist við þeim á fullnægjandi hátt.	Eins og rakið er fremst í kafla 6 í matskyldufyrirspurn Arnarlax felst breyting á framkvæmdinni frá því sem kynnt var í umhverfismati á sínum tíma, í afmörkun eldissvæða sem hér eru til umfjöllunar. Engin breyting verður á leyfilegu umfangi eldisins miðað við hámarkslífmassa á hverjum tíma. Í matsskýrslu Arnarlax á sínum tíma var lagt mat á samlegðaráhrif eldisins með fiskeldi óskyldra aðila í Arnarfirði, en umfang þess er óbreytt frá því að álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat Arnarlax var birt. Í umhverfismati Arnarlax var jafnframt fjallað um áhrif á sjávar- og strandnýtingu á svæðinu, m.a. nám kalkþörungum. Umhverfismat sem Náttúrufræðistofnun virðist leggja til hefur því farið fram.
6	Náttúrufræðistofnun	6 Möguleg umhverfisáhrif framkvæmar	Í ljósi þess að framkvæmdin getur falið í sér möguleg neikvæð áhrif á marga umhverfisþætti (botndýralíf, fuglalíf, sjávarspendýr, ásýnd, smithættu vegna laxalúsur o.fl.) telur Náttúrufræðistofnun að þörf sé á að útfæra sannfærandi áætlun um rannsóknir til að meta þessi áhrif og einnig til að tryggja að möguleg jákvæð áhrif framkvæmdarinnar verði að veruleika. Ef óvissa er um þetta er hætta á að stækkun áhrifasvæðis fiskeldisins muni hafa margvíslegar neikvæðar afleiðingar. Náttúrufræðistofnun telur því eðlilegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.	Áður hefur verið bent á að umhverfismat, sem Náttúrufræðistofnun virðist leggja til, hefur þegar farið fram. Einnig hefur komið fram að fyrir liggja umsagnir þeirra aðila sem hafa það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf um mengandi starfsemi og mengunareftirlit (Umhverfisstofnun) og heilbrigði og velferð dýra (Matvælastofnun). Hvorug þessara stofnana kallar eftir umhverfismati. Rannsóknir og vöktun á áhrifum eldisins á botndýralíf er samkvæmt réttmætum stöðlum, sem byggja á vísindalegri aðferðafræði. Enginn ágreiningur er um það fyrirkomulag. Vöktun á dauða fugla- og sjávarspendýra við sjókvíar gefur mat á áhrifum starfseminnar á þá dýrastofna sem um ræðir. Í umhverfisstaðli ASC eru sett fram viðmið um framangreinda þætti sem eldisstarfsemi þarf að standast til að fá vottun sem ábyrgt eldi. Eldi Arnarlax í Arnarfirði hefur uppfyllt þessi skilyrði. Þá skal bent á að Hafrannsóknastofnun býr yfir þekkingu á umhverfi og lifandi auðlindum í hafinu við Ísland, en stofnunin kallar ekki eftir því að framkvæmdin eigi að vera háð umhverfismati. Arnarlax ítrekar að umræddar athugasemdir Náttúrufræðistofnunar eru ekki byggðar á rannsóknnum eða gögnum einungis huglægu mati umsagnaraðila.
7	Matvælastofnun	5 Fyrirhuguð breyting á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði	Á mynd 5 í fyrirspurn Arnarlax um matsskyldu koma fram fjarlægðir milli eldissvæða og vill Matvælastofnun koma á framfæri að tryggja þarf að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hvernar fiskeldisstöðvar. Jafnframt vill stofnunin koma því á framfæri að framkvæmdin gerir ráð fyrir töluverðri stækkun umræddra eldissvæða og þ.a.l. getur eldisbúnaður verið staðsettur tiltölulega langt frá upphaflega eldissvæðinu sem fór í gegnum umhverfismat á sínum tíma.	Arnarlax mun vekja máls á samkomulagi við Arctic Sea Farm um fyrirkomulag eldisstarfsemi í Arnarfirði m.t.t. fjarlægðar á milli eldissvæða.
8	Umhverfisstofnun	3.2 Vöktun og eftirlit eldissvæða	Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif starfseminnar uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíar eldisins. Fram kemur í skýrslunni að með breytingunni mun umfang, og þ.a.l. fóðurmagn, haldast óbreytt. Ætlunin er að stækka svæðin nær miðju fjarðarins svo dýpi undir þeim eldissvæðum sem taka breytingum mun aukast. Umhverfisstofnun telur að með breytingunni kunnist uppsöfnun lífrænna efna í djúplagi fjarðarins að aukast en telur að með nægri hvíld eldissvæða byggðri á niðurstöðum vöktunar í rauntíma megi lágmarka áhrifin. Stofnunin bendir á að sú skipting Hafrannsóknarstofnunar á Arnarfirði í eldissvæði á grundvelli burðarþols geri ráð fyrir að eldissvæðin nái ekki út á mikið dýpi. Það er gert til að uppfylla forsendu um að helmingur úrgangs lendi í botnlaginu. Umhverfisstofnun bendir á að fylgjast þarf vel með styrk súrefnis í botnlagi fjarðarins.	Arnarlax tekur undir ábendingu Umhverfisstofnunar að fylgjast þurfi vel með styrk súrefnis í botnlagi fjarðarins. Fylgst er með ástandi sjávar á þremur staðsetningum í Arnarfirði á þeim tíma árs sem súrefnisstyrkur djúpsjávar er lægstur. Vöktun á ástandi sjávar í botnlagi gefa til kynna að fiskeldi hafi ekki leitt til neikvæðrar þróunar fram til þessa. Þessum mælingum verður framhaldið.



Nr	Umsagnaraðilar	Kafli í fyrirspurn	Athugasemd	Viðbrögð
8	Umhverfisstofnun	3.2 Vöktun og eftirlit eldissvæða	Stofnunin bendir á að í starfsleyfi fyrir starfseminni er ákvæði þess efnis að Umhverfisstofnun geti einhliða frestað útsetningu seiða bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar. Stofnunin bendir einnig á að rekstraraðili þarf að uppfæra vöktunaráætlun vegna eldisins m.t.t. breytinganna.	Arnarlax mun uppfæra vöktunaráætlun sína vegna eldisins með tilliti til breytinga á afmörkun eldissvæða. Vöktunaráætlun verður unnin í samstarfi við Umhverfisstofnun.
8	Umhverfisstofnun	3.2 Vöktun og eftirlit	Umhverfisstofnun bendir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Vatnshlotið sem starfsemin fer fram í hefur vatnshlotanúmerið 101-1384-C og nefnist Arnarfjörður. Meðal annarra skráðra álagsþátta á vatnshlotið er skólþfráveita þéttbýlis Bíldudals og kalkþörungavinnsla í Arnarfirði. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi.	Tekið er undir ábendingu Umhverfisstofnunar sem er samræmi við það sem kemur fram í starfsleyfi Arnarlax, vegna sjókvíaeldis í Arnarfirði og varðar varnir gegn mengun ytra umhverfis sbr. kafla 3 í starfsleyfinu.
8	Umhverfisstofnun	4 Skipulag og vernd	Líkt og fram kemur í skýrslunni er nú unnið að gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða en það var kynnt í júní sl. Samkvæmt því hefur svæðum í Arnarfirði verið skipt upp í ólíka nýtingarflokka, m.a. staðbundna nýtingu (SN) sem fiskeldi fellur undir og lagnir og vegi (LV). Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Stofnunin getur því aðeins gefið út starfsleyfi fyrir starfsemi sem samræmist skipulagi og skv. grein 1.6 í núgildandi starfsleyfi er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða starfsleyfi ef breyting verður á skipulagi.	Tillaga svæðisráðs að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða er í vinnslu. Stofnanir og hagaðilar hafa gert athugasemdir við tillöguna. Endanlegt strandsvæðaskipulag liggur ekki fyrir á þessu stigi.
9	Vegagerðin	6.8 Siglingar	Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynninguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að skýrsluhöfundar þurfi að teikna inn á uppdrátt breytingar á sjókort undirlegi og hvernig breytingin hefur áhrif á sjókortsheim.	Þegar nákvæm staðsetning á sjókvíaeldisstöð liggur fyrir skal rekstrarleyfishafi tilkynna hnit til Landhelgisgæslu Íslands, samkvæmt reglugerð 540/2020 um fiskeldi. Breytt útfærsla á eldissvæðum í Arnarfirði ræðst af niðurstöðu leyfisumsóknar í kjölfar matsskyldufyrirspurnar, sem hér er til umfjöllunar. Ekki er raunhæft að setja fram staðsetningar sjókvía á sjókort fyrr en leyfi liggja fyrir.
10	Vesturbyggð			Umsögn krefst ekki viðbragða.